

Fundargerð 45. fundar

félagsþjónustunefndar sambandsins

Árið 2019, miðvikudaginn 19. júní kl. 10:15 kom félagsþjónustunefnd sambandsins saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Friðrik Már Sigurðsson, Rannveig Einarsdóttir og Karólína Gunnarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur og María Ingibjörg Kristjánsdóttir félagsþjónustufulltrúi, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Ólafur Þór Ólafsson og Heiða Björg Hilmisdóttir boðuðu forföll.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Starfshópur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar til framfærslu - 1712026SA

Framhald umræðu frá 44. fundi nefndarinnar haldinn þann 9. apríl s.l. Starfshópurinn hefur lokið störfum og lagt fram tillögur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar þar sem áhersla er á valdeflingu og virka þátttöku notanda fjárhagsaðstoðar þar sem þjónustan er snemmtæk, heildstæð og samfelld. Þessar áherslur hafa beina tengingu við markmið 3.3.4. í stefnumörkun sambandsins um að framkvæmd fjárhagsaðstoðar til framfærslu verði til þess að styðja við virkni og þátttöku sem flestra með valdeflingu að leiðarljósi í samráði við notendur. Mikilvægt er að þegar verði hafist handa við heildarendurskoðun á VI kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga til að uppfæra úreltan lagaramma þannig að hann skapi skýrari stoð fyrir núverandi framkvæmd fjárhagsaðstoðar.

Nefndin tekur undir áherslur sem koma fram í skýrslu starfshóps um framkvæmd og framtíðarskipulag fjárhagsaðstoðar til framfærslu og áréttar mikilvægi þess að fram fari heildarendurskoðun á VI kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

2. Tillaga um fyrirkomulag talmeinaþjónustu við skólabörn - 1901064SA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 11. júní 2019, um tillögu um breytt fyrirkomulag talmeinaþjónustu við skólabörn ásamt niðurstöðu könnunar um fyrirkomulag talmeinaþjónustu, dags. 20. maí 2019. Í tillögunni felst að ábyrgð á allri talmeinaþjónustu við börn og þjálfun þeirra verði færð til skólaskrifstofa sveitarfélaga ásamt þeim fjármunum sem skilgreindir eru hjá Sjúkratryggingum Íslands til þeirra verkefna samhliða.

Félagsþjónustunefnd sambandsins fagnar framkominni tillögu um fyrirkomulag talmeinaþjónustu við skólabörn og telur að breytt framkvæmd geti skapað margvíslega möguleika sem nýta megir til hagsbóta fyrir viðtakendur þjónustunnar. Nefndin styður endurskoðaða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga yfir þriggja ára reynslutímabil og tekur undir að samhliða þurfi að grípa til aðgerða til að fjölga talmeinafræðingum. Sérstaklega er hvatt til þess að möguleikar til aukinnar

fjarþjónustu séu nýttir að fullu á reynslutímabilinu og þjónustan endurskilgreind með þarfir barna í huga.

3. Samstarf við Vinnumálastofnun um atvinnumál fatlaðs fólks - 1602043SA

Farið yfir næstu skref í samstarfi ríkis og sveitarfélaga um atvinnumál fatlaðs fólks, upplýsingakerfið Pula og skipun stýrihóps um atvinnumál fatlaðs fólks. Mikilvægt er að skipaður verði stýrihópur til að fylgja eftir og samhæfa vinnu stjórnvalda að lögbundnum verkefnum skv. V. kafla laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (atvinnumál fatlaðs fólks). Skipan stýrihópsins byggist á umsaminni verka- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sbr. viljayfirlýsingu dags. 28. september 2015 og miðar að því að tryggja samfellu á milli vinnumarkaðsaðgerða Vinnumálastofnunar og félagsþjónustu sveitarfélaga.

4. Stefnumótun í málefnum barna - 1902002SA

Lagt fram til kynningar boð á fund þingmannanefndar í málefnum barna haldinn þann 20. júní n.k.

5. Persónuvernd 2018 - ný löggjöf - 1610014SA

Bryndis Gunnlaugsdóttir kom inn á fundinn og kynnti ný og breytt lagaákvæði um persónuvernd með tilliti til félagsþjónustu sveitarfélaga. Helstu breytingar eru þær að ekki þarf lengur að leita eftir samþykki notanda fyrir öflun og vinnslu gagna þegar veitt er þjónusta á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Í stað þess ber að veita viðkomandi fræðslu í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Leiðbeiningar vegna þessara breytinga verða sendar til sveitarfélaga og settar inn á heimasíðu sambandsins.

6. Átakshópur um aukið framboð á íbúðum til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði - 1812018SA

Farið yfir stöðu mála varðandi tillögur átakshópsins sem snúa að félagslegu húsnæði.

Í janúar síðastliðnum skilaði átakshópur stjórnvalda niðurstöðum um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði. Í tillögum átakshópsins var lögð áhersla á að stjórnvöld og sveitarfélög leggi sérstaka áherslu á vinnslu húsnæðisáætlana og sameiginlegar þarfagreiningar fyrir húsnæði á skilgreindum vinnusvæðum. Einnig var lagt til að notkun byggingagáttar Mannvirkjastofnunar verði gerð að lagaskyldu fyrir bæði byggingarstjóra og byggingarfulltrúa.

Í framhaldi af vinnu átakshópsins hefur Íbúðalánasjóði verið falið að leiða starf samráðsvettvangs opinberra stofnana sem hafa það hlutverk að safna og miðla upplýsingum um húsnæðismál sem m.a. miðar að því að auka aðgengi að upplýsingum um stöðu mála á húsnæðismarkaði á landsvísu. Íbúðalánasjóður vinnur nú að gerð húsnæðisgrunns sem verður miðlægur gagnagrunnur fyrir upplýsingar um húsnæðismál og myndar grunn að samstarfi stofnanna og félagasamtaka sem safna, vinna úr, greina og/eða birta upplýsingar um húsnæðismál. Íbúðalánasjóður í samstarfi við Mannvirkjastofnun hefur skipulagt funduferð um allt land sem nú stendur yfir þar sem farið er yfir stöðu húsnæðisáætlana, kynna möguleika húsnæðisgrunns og notkun rafrænnar

byggingagáttar.

7. Innleiðing nýrra og breyttra laga um félagsþjónustu sveitarfélaga 2018-2019 - 1806019SA

Farið yfir stöðu í gerð leiðbeininga sem sveitarfélög hafi til hliðsjónar við gerð sinna eigin reglna.

Þær reglur sem nú þegar hafa verið gefnar út eru:

Um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings, útg. 30.12.2016.

Um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks, útg. 21.02.2019.

Um þjónustu stuðningsfjölskyldna vegna fatlaðra barna, útg. 21.03.2019.

Handbók um NPA, 2. útgáfa apríl 2019.

Reglur sem eru langt komnar eru:

Um reglur sveitarfélaga hvað varðar NPA, í lokayfirlestri, stefnt að útgáfu í júní

Um samráðshópa og notendaráð, fyrirbyggjandi eru drög til umsagnar

Um úthlutun á félagslegu íbúðarhúsnæði á vegum sveitarfélaga, í lokavinnslu, rætt á fundi samráðsnefndar um húsnæðismál 18.06.2019

Reglur í vinnslu:

Um stuðnings/stoðþjónustu, næsti fundur ráðgerður í viku 25

Um akstursþjónustu, næsti fundur ráðgerður fyrir lok júní

Um frístundaþjónustu við fötluð börn frá 5. bekk grunnsk., næsti fundur ódags.

Fundi var slitið kl. 12:15

Friðrik Már Sigurðsson

Rannveig Einarsdóttir

Karólína Gunnarsdóttir